



## Fundargerð

19. fundar stjórnar FRÍ miðvikudaginn 07. maí 2015 kl. 19:30  
Fundarsalur A, 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ í Laugardal

---

Mættir: Einar Vilhjálmsson (EV), Jónas Egilsson (JE), Ingvar Hlynsson (ÍH), Fríða Rún Þórðardóttir (FRÞ), Gunnlaugur Júlíusson (GJ) og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir. Aðalbjörg þurfti að víkja af fundi fyrir umræður um dagskrárlið 3. Lóa Björk Hallsdóttir, Jón Hólmar Steingrímsson og Skafti Steinólfsson boðuðu forföll.

Formaður setti fund og gekk til dagskrár.

1. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundar eða dagskrá.
2. Óafgreiddar fundargerðir. Fundargerð 16. fundar var staðfest til birtingar og ákveðið að gefa JE svigrúm til að skoða betur fundargerðir 17. og 18. fundar sem birtar verða strax effir helgina.
3. Víðavangshlaup ÍR. Umræður voru miklar á fundinum um það atvik sem varð í hlaupinu og afleiðingar þeirrar ákvörðunar sem tekin var um úrslit hlaupsins. Stjórnarmenn sammála um að galli var á framkvæmd hlaupsins sem koma verði í veg fyrir að endurtaki sig. Stjórnarmenn voru sammála um að löngu tímabært er orðið að FRÍ tilnefni eftirlitsdómara með götuhlaupum þar sem keppt er um Íslandsmeistaratitil. Á fundinum var kæra frá Ingvari Hjartarsyni rædd og var stjórn sammála um að vísa henni til Laganeftdar FRÍ til umsagnar og álitsgjafar fyrir stjórn FRÍ. Stjórnarmenn voru sammála um það að gögn sýni að krýndur sigurvegari hlaupsins hljóp út af mældri hlaupaleið í síðustu beygju hlaupsins. Ákveðið að formaður boði til fundar með framkvæmdaraðilum götuhlaupa þar sem keppt er um Íslandsmeistaratitil og boði jafnfram til þess fundar formenn viðeigandi nefnda FRÍ, löggilda mælingamenn og aðra sem lagt geta hreyfingunni lið við frágang tillagna um reglur um framkvæmd götuhlaupa. Áréttað var á fundinum að stjórn FRÍ er ekki dómstóll í íþróttalegum málefnum og á það bent að íþróttadómstóll ÍSÍ kunni að þurfa að fjalla um kærana ef dæma þarf í málinu. Ákveðið var að biða eftir áliti laganeftdar FRÍ áður en frekar verður aðhafst í málinu að hálfu stjórnar FRÍ.
4. Keppendur á Smáþjóðaleikum. Drögum að landsliði Íslands á Smáþjóðaleikum var dreift í upphafi fundar.
5. Erindi frá Frjálsíþróttadeild Breiðabliks: Framkvæmdastjóra falið að upplýsa formann Breiðabliks um það að þátttökurétt á HM 16-17 ára geti þeir einir öðlast (frá FRÍ) sem hafa náð árangursviðmiði IAAF til þátttöku.
6. Málefni unglínganefndar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tilnefningum frá sambandsaðilum í nefndina sem fyrst. Formaður upplýsti að hann hafi fyrir stuttu átt fund með unglíngabjálfurum úr hreyfingunni og grunnur lagður að því að mynda þjálfaráðs ungmenna sem koma muni að málefnum þess hóps með virkum hætti í samstarfi við Unglínganefnd FRÍ, ÍþA og stjórn FRÍ.
7. Önnur mál



- 7.1. Mí flutt af Laugardalsvelli. Erindi Knattspyrnudeildar Þróttar rætt og stjórnin sammála um að skoða hvort flutningur á mótinu á Kópavogsvöll gagni tæknilega upp svo unnt væri að verða við óskum Þóttar um nýtingu Laugardalsvallar vegna fyrir REY-CUP 2015. Fundarmenn sammála um að þetta geti verið mjög jákvæður hlutur.
  
- 7.2. Framkvæmdastjóri tilkynnti að ÍSí muni fara fram á greiðslu að upphæð 30.000 kr fyrir hvern þátttakanda á Smáþjóðaleikunum. Umræða skapaðist um þennan óvænta útgjaldalið enda um að ræða tæplega 2 m.kr. útgjöld sem ekki voru fyrirjáanleg við gerð fjárhagsáætlunar á 59. þingi FRÍ í september 2014 né við endurskoðun þeirrar áætlunar í byrjun árs 2015. Þessi útgjaldaliður kemur hart niður á starfi sambandsins. Fram kom að hér er um að ræða verulega hátt hlutfall af svigrúmi sambandsins til þátttöku í kostnaði við keppnir íþróttamanna erlendis á árinu 2015 sem bitan mun á öllu starfi ársins. Rætt var um kostnaðarþátttöku félaga/íþróttamanna vegna þátttöku á mótinu til að mæta þessum óvænta útgjaldalið og þá eins og um væri að ræða keppni á Smáþjóðaleikunum erlendis – allt að 25.000 kr/keppanda. Fram kom einnig hjá framkvæmdastjóra að FRÍ hafi lítið sem ekkert svigrúm til að skapa sambandinu tekna með auglýsingum á Smáþjóðaleikum. Ákveðið að taka málið upp við ÍSí og sambandsaðila og ákveða mögulega kostnaðarþátttöku félaga/íþróttamanna í samráði við sambandsaðila.
  
- 7.3. Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu tækninefndar um eftirlitsdómara á götuhlaupum 2015. Stjórnin samþykkti að Þorsteinn Þorsteinsson yrði eftirlitsdómari FRÍ í Reykjavíkummarþoni 2015. Að öðru leiti samþykkti stjórn FRÍ tillögur nefndarinnar um eftirlitsdómara í götuhlaupum ársins.

Annað ekki tekið fyrir á fundinum og fundi slitið kl. 21: 35  
Fundargerð ritaði Einar Vilhjálmsson og Fríða Rún Þórðardóttir